

Nd.

216. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. að III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1948, með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunnjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafli laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar- og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr., helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærrí tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða styrki til læknavitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 1942, samtals allt að 100 þús. krónum auk vísitöluupphótar, enda skiptist upphæðin milli sjóðanna að fengnum tillögum landlæknis;
4. að iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skuli á árinu 1948 lækka um 25% á II. verðlagssvæði og að þessi lækkun megi einnig ná til ársins 1947, enda eigi aðilar ekki rétt til endurgreiðslu greiddra iðgjalda fyrr en í sambandi við iðgjaldagreiðslur á árinu 1948;
5. að störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um störf unglunga á aldrinum 16—20 ára;
6. að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr. skuli á árinu 1948 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 315 vísitölustig, og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv. 114. gr. skuli á árinu lækka niður á 3.6 millj. króna;
7. að skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1948 vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskírteina megi á árinu 1948 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
8. að bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1948;
9. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1948 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1949;
10. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1948 vera 5 kr. á mánuði;
11. að iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs, og að iðgjöld samkvæmt sömu grein vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa sams konar veðrétt í eignum þessum;
12. að rannsókn sú, er um ræðir í 7. tölulið bráðabirgðaákvæða, skuli hafin eigi síðar en í byrjun ársins 1948 og að heildarendurskoðun laganna skuli hafin á síðari hluta ársins 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 1946, um viðauka við lög um almannatryggingar.